

Reykjavík, 10. nóvember 2014

**Niðurstöður athugunar hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Hinn 21. maí 2014 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. (hér eftir bankarnir). Athugunin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum bankanna gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á könnun bankanna á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína í tengslum við fjarsölu, einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og millibankaviðskipti. Auk þess var þjálfun starfsmanna, skýrsla ábyrgðarmanns, úttektir endurskoðunardeildar og verklag og ferlar í tengslum við aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, tekin til skoðunar.

Niðurstöður athugunarinnar voru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi birtir Fjármálaeftirlitið niðurstöður nefndrar athugunar.

Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd bankanna uppfylli almennt þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 5/2014.